

Reykjavík, 28. október 2020

R18060129

100

bþ

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Breyting á samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Á fundi borgarstjórnar þann 20. október 2020 var 3. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 15. október; breyting á samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:

Samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verksvið

2. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð skal móta stefnu í mannréttinda-, stjórnkerfisþjónustu-, nýsköpunar- og lýðræðismálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og sviði þjónustu og nýsköpunar og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og svið þjónustu og nýsköpunar annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

Verkefni

3. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa. Ráðið fer einnig með verkefni sem viðkoma lýðræði, samráði og þátttöku borgarbúa og hefur umsjón með skipulagi stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Þá fer mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnsýslu borgarinnar og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Auk þess skal mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð stuðla að nýsköpun, snjallvæðingu og skilvirkri nýtingu tækni í þágu stefnumörkunar borgarinnar.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði mannréttinda, stjórnkerfisbreytinga, lýðræðismála, nýsköpunar, tækni og þjónustu, ber ábyrgð á kynningu mannréttindastefnunnar og annarri tengdri stefnumörkun auk þess sem ráðið stuðlar að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.
2. Gerir tillögur til borgarráðs um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Gerir einnig tillögur til borgarráðs um íbúalýðræði, gagnsæi stjórnsýslunnar, samráð og þátttöku borgarbúa, þjónustutengd verkefni, fyrirkomulag nýsköpunar og þjónustu, þjónustuveitingu og verkefni í rafrænni þjónustu s.s. snjallvæðingu.
3. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála. Er öðrum borgaryfirvöldum til samráðs og ráðgjafar um verkefni á sviði mannréttindamála. Veitir umsagnir um tillögur að verkefnum annarra borgaryfirvalda sem varða mannréttindi borgarbúa. Hefur samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög og félagasamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Mannréttindastjóri og sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar bera ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu skrifstofu og sviðs, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra og sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunar, og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skal sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt undir þeim liðum sem varða hans verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunar að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins, mannréttindastjóri og sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Málsmeðferð

11. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð frá 6. nóvember 2018.

*Samþykkt í borgarstjórn
18. júní 2019*

*Breytt á fundi borgarstjórnar
6. október 2020*

Samþykkt fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Verksvið

2. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð skal móta stefnu í mannréttinda-, stjórnkerfisþjónustu-, nýsköpunar- og lýðræðismálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og sviði þjónustu og nýsköpunar og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

~~Umboðsmaður borgarbúa heyrir stjórnskipulega og fjárhagslega undir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð en nýtur faglegs sjálfstæðis og er að öllu leyti óháður fyrirmælum frá ráðinu. Um samskipti umboðsmanns borgarbúa og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs gilda verklagsreglur sem unnar eru í samvinnu beggja aðila.~~

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa og svið þjónustu og nýsköpunar annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

Verkefni

3. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum nr. 10/2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa. Ráðið fer einnig með verkefni sem viðkoma lýðræði, samráði og þátttöku borgarbúa og hefur umsjón með skipulagi stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Þá fer mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð með það verkefni að auka gagnsæi í stjórnsýslu borgarinnar og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Auk þess skal mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð stuðla að nýsköpun, snjallvæðingu og skilvirkri nýtingu tækni í þágu stefnumörkunar borgarinnar.

Til að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni á sínu sviði:

1. Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði mannréttinda, stjórnkerfisbreytinga, lýðræðismála, nýsköpunar, tækni og þjónustu, ber ábyrgð á kynningu mannréttindastefnunnar og annarri tengdri stefnumörkun auk þess sem ráðið stuðlar að þekkingaröflun og miðlun upplýsinga.
2. Gerir tillögur til borgarráðs um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Gerir einnig tillögur til borgarráðs um íbúalýðræði, gagnsæi stjórnsýslunnar, samráð og þátttöku borgarbúa, þjónustutengd verkefni, fyrirkomulag nýsköpunar og þjónustu, þjónustuveitingu og verkefni í rafrænni þjónustu s.s. snjallvæðingu.
3. Er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála. Er öðrum borgaryfirvöldum til samráðs og ráðgjafar um verkefni á sviði mannréttindamála. Veitir umsagnir um tillögur að verkefnum annarra borgaryfirvalda sem varða mannréttindi borgarbúa. Hefur samvinnu

Sniðið: Jafnað, Inndráttur: Vinstri: 1,25 cm

við ríki, önnur sveitarfélög og félagasamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar. ~~4. Fjallar um og hefur umsjón með að álit umboðsmanns borgarbúa fái viðeigandi skoðun og meðferð innan stjórnskrifstofu Reykjavíkurborgar.~~

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi heyri undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Mannréttindastjóri og sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar bera ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu skrifstofu og sviðs, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra og sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunar, og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara, dagskrá skal fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skal sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt undir þeim liðum sem varða hans verksvið. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári.

Fjármál

10. gr.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og sviðsstjóra þjónustu og nýsköpunar að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsöðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstrinum sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins, mannréttindastjóri og sviðsstjóri þjónustu og nýsköpunar kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Málsmeðferð

11. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 með síðari breytingum.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð frá 6. nóvember 2018.

*Samþykkt í borgarstjórn
18. júní 2019*

*Breytt á fundi borgarstjórnar
6. október 2020*